

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Aðaldælahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Elín Blöndal.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 773/1999, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 400.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Árborgar með vísan í samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 773/1999 frá 10. nóvember, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Árborg, 16. desember 1999.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Sveitarfélaginu Árborg, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur nr. 81/1991, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald skv. lögum nr. 73/1997.